



Vigdísarholt

Ársreikningur 2022

Vigdísarholt ehf.
Kópavogsbraut 1c
200 Kópavogur

Kt. 580214-1180

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Fylgiskjal:	
Óendurskoðað yfirlit um rekstur heimila	12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Vigdísarholt ehf. var stofnað á árinu 2014 og er tilgangur félagsins að annast rekstur hjúkrunarheimila. Félagið yfirtók rekstur Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í byrjun ársins 2014 og á árinu 2019 hófst rekstur félagsins á Seltjörn, 40 manna hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi. Í mars 2021 tók félagið við rekstri hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Félagið er rekið með daggjöldum og öðrum framlögum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Á árinu 2022 var afkoma félagsins jákvæð um 80,2 millj. kr. og er tekjuafgangurinn færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins. Eigið fé í árslok nam 542,5 millj. kr.

Heildarlaunakostnaður framkvæmdastjóra og stjórnarmanna nam samtals 26,7 millj. kr. á árinu 2022 (2021: 25,5 millj. kr.) Að öðru leyti er vísað til skýringa 11 og 12 varðandi launakostnað félagsins og starfsmannafjölda.

Að ósk stjórnar hefur verið útbúið óendurskoða yfirlit sem sýnir sundurliðun tekna og gjalda Vigdísarholts á árinu 2022 með tilliti til heimilanna sem félagið rekur, þ.e. Sunnuhlíðar, Seltjarnar og Skjólgarðs. Yfirlitið fylgir ársreikningnum sem fylgiskjal, en frá og með næsta ári er stefnt að því að sambærilegt yfirlit verði hluti af hinum endurskoðaða ársreikningi.

Á haustmánuðum 2022 var byrjað að loka tvíbýlum í Sunnuhlíð sem leiddi til til fækkunar um sjö hjúkrunarrými miðað við árið á undan.

Hlutfé félagsins var allt í eigu ríkissjóðs í árslok 2022 eins og í ársbyrjun.

Stjórn Vigdísarholts ehf. er skipuð tveimur körlum og einni konu. Stjórnin hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogi, 9. maí 2023.

Í stjórn:

Steingrímur Ari Arason
Kristinn Hjörtur Jónasson
Þórhildur Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Kristján Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vigdísarholts ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vigdísarholts ehf. („stofnunin“) fyrir árið 2022 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2022 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi, 9. maí 2023.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Daggjöld og önnur framlög Sjúkratrygginga Íslands		2.431.822.168	2.290.711.235
Heilbrigðisstofnun Suðurlands		51.985.800	42.673.588
Sértekjur	10	28.447.091	31.199.978
Selt fæði	11	48.097.090	38.483.047
		<u>2.560.352.149</u>	<u>2.403.067.848</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12,13	1.967.538.120	1.761.620.119
Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður	14	123.071.794	113.744.017
Stoðsvið	15	250.678.696	213.936.141
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður	16	108.885.238	111.475.188
Annar kostnaður	17	46.950.648	22.601.975
		<u>2.497.124.496</u>	<u>2.223.377.440</u>
Afkoma fyrir hreinar fjármunatekjur		63.227.653	179.690.408
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		17.769.610	3.770.717
Vaxtagjöld		(752.212)	(957.185)
		<u>17.017.398</u>	<u>2.813.532</u>
Afkoma ársins	18	<u>80.245.051</u>	<u>182.503.940</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	Skýr.	2022	2021
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	4,9	5.666.754	5.432.189
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	5	25.654.288	24.716.717
Handbært fé	6	878.790.553	776.503.412
Veltufjármunir samtals		<u>910.111.595</u>	<u>806.652.318</u>
Eignir samtals		<u>910.111.595</u>	<u>806.652.318</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		541.871.239	461.626.188
Eigið fé samtals	18	<u>542.496.239</u>	<u>462.251.188</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		39.707.106	45.436.863
Sjúkratryggingar Íslands		141.903.404	124.067.858
Áunnið orlof		116.918.649	112.795.930
Aðrar skammtímaskuldir		69.086.197	62.100.479
Skammtímaskuldir samtals		<u>367.615.356</u>	<u>344.401.130</u>
Skuldir samtals		<u>367.615.356</u>	<u>344.401.130</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>910.111.595</u>	<u>806.652.318</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	18	80.245.051	182.503.940
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		80.245.051	182.503.940
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir	(234.565)	(1.580.188)
Skammtímakröfur	(937.571)	(9.628.022)
Skammtímaskuldir		23.214.226	110.068.025
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		22.042.090	98.859.815
Handbært fé frá rekstri		102.287.141	281.363.755
Breyting á handbæru fé.....		102.287.141	281.363.755
Handbært fé í ársbyrjun.....		776.503.412	495.139.657
Handbært fé í árslok.....		878.790.553	776.503.412

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur félagsins eru færðar í þeim mánuði sem þjónustan er afhent eða fjárheimildir veittar.

3. Skráning gjalda

Gjöld eru færð þegar þau falla til. Í árslok eru áfallin gjöld sem tilheyra viðkomandi rekstrarári færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

4. Birgðir

Vörubirgðir samanstanda af matvælum og rekstrarvörum sem metnar eru á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði í efnahagsreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu.

6. Handbært fé

Bankainnstæður félagsins eru óbundnar og teljast til handbærs fjár.

7. Skattar

Félagið greiðir ekki tekjuskatt þar sem það er undanþegið tekjuskatti í samræmi við 4 tl. 4. gr. laga um tekjuskatt.

8. Umfang starfseminnar

Fjöldi rúma og legudaga greinist þannig:	2022	2021
Fjöldi rúma	130	137
Fjöldi legudaga	49.021	48.561
Dagdvöl, rými í árslok	54	54

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:		
Matvæli	3.693.983	2.564.242
Rekstrarvörur	1.972.771	2.867.947
	<u>5.666.754</u>	<u>5.432.189</u>

10. Sértekjur

Sértekjur greinast þannig:		
Dagdvöl	16.025.697	19.153.853
Sjúkraþjálfun	4.022.705	4.833.878
Hárgreiðsla	5.732.331	4.370.490
Aðrar tekjur	2.666.358	2.841.757
	<u>28.447.091</u>	<u>31.199.978</u>

11. Selt fæði

Hjúkrunarheimilið Skjólgarðar á Höfn fær tekjur frá sveitarfélaginu vegna sölu á fæði vegna skólabarna og fatlaðra og námu þær tekjur samtals 33,5 millj.kr. á árinu 2022. Tekjur af seldu fæði í Sunnuhlíð eru vegna íbúa í nágrenni heimilisins.

Skýringar, frh.:

12. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Dagvinna	1.177.424.768	1.087.189.791
Yfirvinna	174.691.389	163.424.781
Vaktaálag	245.404.346	196.305.560
Breyting áunnis orlofs	4.122.719	32.512.519
Lífeyrissjóðsframlag	210.209.711	189.453.472
Tryggingagjald	115.509.306	99.856.008
Yfirtekin orflosskuldbinding vegna Skjólgarða	0 (42.508.534)
Önnur launatengd gjöld	40.175.881	35.386.522
	<u>1.967.538.120</u>	<u>1.761.620.119</u>

13. Starfsmannafjöldi og stöðugildi greinast þannig:

Fjöldi starfsmanna í árslok	262	265
Unnin stöðugildi á árinu	184	180

14. Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður

Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður greinist þannig:		
Læknaþjónusta	42.882.599	41.171.279
Lyf og tengd efni	38.634.104	38.738.172
Lækninga- og hjúkrunarvörur	28.138.408	15.895.288
Annar kostnaður vegna hjúkrunar	8.633.952	14.986.294
Rannsóknarstofur	4.782.731	2.952.984
	<u>123.071.794</u>	<u>113.744.017</u>

15. Stöðsvið

Stöðsvið greinast þannig:		
Matvæli	122.766.952	106.498.520
Annar kostnaður vegna mötuneytis	4.929.078	4.119.016
Þvottur	23.214.255	15.667.605
Akstur og bifreiðastyrkur	47.835.524	39.715.687
Sjúkraflutningar	1.432.606	1.042.764
Rekstur tölvukerfis	19.783.514	20.733.402
Þóknun til endurskoðenda	1.532.408	2.014.241
Önnur aðkeypt þjónusta sérfræðinga	17.895.883	12.746.042
Skrifstofuvörur	11.288.476	11.398.864
	<u>250.678.696</u>	<u>213.936.141</u>

16. Viðhalds- og húsnæðiskostnaður

Viðhalds- og húsnæðiskostnaður greinist þannig:		
Viðhaldsvörur og aðkeypt vinna	16.796.926	25.199.911
Ræsting og þrif	51.845.295	46.689.763
Önnur aðkeypt þjónusta	3.057.680	2.906.593
Fasteignagjöld	17.199.003	14.827.438
Rafmagn og hiti	18.121.976	16.493.231
Tryggingar	1.864.358	5.358.252
	<u>108.885.238</u>	<u>111.475.188</u>

Skýringar, frh.:

17. Annar kostnaður

	2022	2021
Annar kostnaður greinist þannig:		
Ýmis starfsmannakostnaður	33.395.369	16.876.636
Ferðir, fundir og ráðstefnur	1.305.261	1.380.424
Annar rekstrarkostnaður	12.250.018	4.344.915
	<u>46.950.648</u>	<u>22.601.975</u>

18. Eigið fé

Hlutfé félagsins nemur 500 þús. kr. samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	500.000	125.000	461.626.188	462.251.188
Afkoma ársins.....			80.245.051	80.245.051
Eigið fé 31.12.2022.....	<u>500.000</u>	<u>125.000</u>	<u>541.871.239</u>	<u>542.496.239</u>

19. Önnur mál

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er rekið í húsnæði í eigu ríkissjóðs og ekki er greidd húsaleiga en félagið ber hins vegar allan kostnað af húsnæðinu svo sem fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Á móti kemur sérstakt húsnæðisgjald frá Sjúkratryggingum sem fært er meðal tekna.

Hjúkrunarheimilið Seltjörn er rekið í húsnæði í eigu Seltjarnarnesbæjar sem ber allan kostnað af því.

Hjúkrunarheimilið Skjólgarðar er rekið í húsnæði sem er 85% í eigu ríkissjóðs og 15% eigu sveitarfélagsins. Ekki er greidd húsaleiga en félagið ber hins vegar allan kostnað af húsnæðinu svo sem fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Á móti kemur sérstakt húsnæðisgjald frá Sjúkratryggingum sem fært er meðal tekna.

Fylgiskjal með ársreikningi 2022**Óendurskoðað yfirlit um rekstur heimila 2022**

	Sunnuhlíð	Seltjörn	Skjólgarður	Samtals
Rekstrartekjur:				
Daggjöld hjúkrun	1.098.835.056	648.356.897	384.200.776	2.131.392.729
Daggjöld dagdvöl	81.093.847	61.878.726	2.535.402	145.507.975
Húsnæðisgjald	71007505	0	20.970.890	91.978.395
Sjúkraþjálfun	4.022.705	0	0	4.022.705
Aukafjárveitingar	0	0	14.083.329	14.083.329
Önnur framlög úr ríkissjóði	11.702.448	15.383.469	21.773.823	48.859.740
Aðrar tekjur	19.774.409	7.952.541	96.780.326	124.507.276
	<u>1.286.435.970</u>	<u>733.571.633</u>	<u>540.344.546</u>	<u>2.560.352.149</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	962.083.624	569.046.557	436.482.725	1.967.612.906
Lyf.....	24.053.947	15.280.501	6.497.067	45.831.515
Matvæli	47.200.606	31.467.070	41.903.167	120.570.843
Lækna- og iðjuþjálfakostnaður	21.973.976	16.859.699	3.985.742	42.819.417
Aðkeypt þjónusta	40.909.265	25.775.411	9.886.770	76.571.446
Annar kostnaður	74.180.790	42.415.397	17.572.084	134.168.271
Hlutfallaður kostnaður	36.776.598	22.090.716	14.727.144	73.594.467
	<u>1.223.909.314</u>	<u>733.910.072</u>	<u>539.305.101</u>	<u>2.497.124.496</u>
Afkoma fyrir hreinar fjármunatekjur	62.526.656	(338.439)	1.039.445	63.227.653

Undirritunarsíða

Steingrímur Ari Arason

Þórhildur Kristinsdóttir

Kristinn Hjörtur Jónasson

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Guðmundur Kristján Sigurðsson